



Umsögn við 86. máli frá nefndasviði Alþingis

Samband íslenskra framhaldsskólanema fagnar því að fylgt sé eftir nýjum framhaldsskólalögum. Við teljum vel séð að heimspeki verði skyldufag í framhaldsskólum enda er verið að undirbúa einstaklingana fyrir fulla þátttöku í samfélaginu, ekki aðeins fyrir áframhaldandi nám.

Samt sem áður teljum við tillögunni ofaukið. Sé stefnt að því að útskrifaður nemandi úr framhaldsskóla hafi lokið níu heimspekiáföngum, þ.e. einnig úr grunnskóla, teljum við nauðsynlegt að varlega verði að farið.

Okkur þykir einkar óljóst hvað eigi að kenna yfir allan þennan tíma. Við teljum nauðsynlegt að farið verði yfir nánara fyrirkomulag áður en þetta gengur í gegn og verður tekið í gildi. Finna ætti kennslufni á áfangana áður og skipuleggja námsfyrirkomulag enda annars hætta á að mikið fari í uppfyllingarefni.

Einnig teljum við hættu á því að sé þessu ofaukið fái nemendur andúð á faginu og missi þar af leiðandi þann móð sem fyrir var á að læra þetta fag, þar sem áhuginn er á þessum tímamarki afar mikill.

Að svo stöddu styðjum við tillöguna ekki fyllilega. Okkur þætti eðlilegra að aðeins einn heimspekiáfangi væri skyldufag í framhaldsskóla en að boðið yrði upp á áframhaldandi heimspekikennslu sé áhugi fyrir því af hálfu nemenda.

Kær kveðja
F.h. framkvæmdastjórnar Sambands íslenskraframhaldsskólanema
Heiða Karen Sæbergsdóttir
Formaður SÍF
heida@neminn.is
S. 8238235